



# VERKEFNASTJÓRI Í INNHEIMTU

N1 leitar að kraftmiklum og nákvæmum verkefnastjóra í innheimtu.

#### Starfsvið

- Dagleg verkstjórn innheimtu og stýring verkefna
- Reglulegt eftirlit með viðskiptamönnum
- Gerð verkferla
- Samskipti við viðskiptamenn og þjónustuaðila
- Skýrslugerð og eftirfylgni

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Mjög góð tölvukunnátta
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun
- Reynsla á sviði innheimtu- og lánamála
- Frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Friðrik Kristjánsson, deildarstjóri innheimtu í síma 440 1150 eða með tölvupósti á fridrik@n1.is. Áhugasamir sækji um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is fyrir 5. nóvember nk.

Landsvirkjun starfar eftir jafnréttisáætlun og leggur áherslu á að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Mannauðs Stefna fyrirtækisins byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu.

## Gæðin eru forgangsmál

### GÆÐASTJÓRI

Landsvirkjun auglýsir eftir kraftmiklum og hugmyndaríkum leiðtoga fyrir gæðastarf fyrirtækisins. Í boði er krefjandi starf á skrifstofu forstjóra þar sem reynir á útsjónarsemi og hæfni til að þróa ferla Landsvirkjunar til móts við nýja tíma. Landsvirkjun er gæðavottað fyrirtæki sem er í hraðri mótun.

#### Menntun og reynsla

- > Meistaragráða í verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu
- > A.m.k. 5 ára reynsla af stjórnun er skilyrði
- > Reynsla af breytingastjórnun

#### Hæfni og geta

- > Sveigjanleiki
- > Samskiptahæfni
- > Sannfæringarkraftur

#### Sótt er um starfið á vef Capacent

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og

Silja Jóhannsdóttir (silja.johannsdottir@capacent.is).

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember nk.



Landsvirkjun

## Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRDUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

### Hraunvallaskóli

Umsjónarkennsla á yngsta stigi (afleysing til áramóta)  
Skólaliði vegna starfa í mótuneyti skólans.

Allar upplýsingar gefa skólastjórnendur í síma 590 2800 og [lars@hraunvallaskoli.is](mailto:lars@hraunvallaskoli.is) og [sigrunk@hraunvallaskoli.is](mailto:sigrunk@hraunvallaskoli.is)  
**Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2012.**  
Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## Capacent Ráðningar

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ



Kennarasamband Íslands tók til starfa í janúar 2000. Að Kennarasambandinu standa átta félag þ.e. Félag grunnskólakennara, Félag framhaldsskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum, Félag stjórnenda leikskóla og Félag kennara á eftirlaunum. Í Kennarahúsinu eru skrifstofur Kennarasambandsins og félaga innan þess og einnig skrifstofur orlofsjóðs KÍ, sjúkrasjóðs KÍ auk endurmenntunarsjóða félaganna. Félagsmenn eru nú rúmlega 10.000. Sjá nánar á ki.is.

Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til að hafa umsjón með félagaskrá KÍ. Um 75% starfshlutfall er að ræða.

## Starfssvið:

- Umsjón með félagaskrá
- Upplýsingaöflun og uppfærsla félagaskrár
- Ýmis verkefni fyrir aðildar- og fagfélög KÍ sem tengjast félagaskránni
- Samskipti við félagsmenn, trúnaðarmenn og launafulltrúa launagreiðenda
- Starfar með kjörstjórn KÍ og kjörstjórnnum aðildarfélaganna
- Ýmis tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög gott vald á íslensku
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af skráningarvinnu kostur
- Þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Elín Friðjónsdóttir ([elin.fridjonsdottir@capacent.is](mailto:elin.fridjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Capacent

## FJÁRMÁLASTJÓRI



Í Fjarðabyggð hefur verið og er mikil uppbygging bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.600 í sex byggðakjörnum.

Fjarðabyggð óskar eftir að ráða fjármálastjóra. Fjármálastjóri er sviðsstjóri fjármálasviðs og heyrir undir bæjarstjóra.

Fjármálasvið annast m.a. innheimtu skatta og gjalda, greiðslu reikninga, fjárhagsáætlanagerð, bókhald og uppgjör sveitarfélagsins og stofnana þess. Fjármálasvið kappkostar að veita viðskiptavinum sínum, deildum og stofnunum, bæjarfulltrúum og íbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er.

## Starfssvið

- Yfirumsjón og ábyrgð á fjárreiðum og daglegri fjármálastjórn bæjarins
- Undirbúningur og gerð fjárhags- og greiðsluáætlana
- Umsjón með gerð ársreikninga
- Innkaupamál
- Frumkvæðishlutverk í stefnumörkun, þekkingaröflun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga í fjármálum og rekstri sveitarfélagsins

Launakjör eru samkvæmt launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um stöðuna.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannsedottir@capacent.is](mailto:silja.johannsedottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

**ATH. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 1. nóvember nk.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## SKRIFSTOFUSTJÓRAR



Umhverfis- og skipulagssvið er nýtt svið hjá Reykjavíkurborg sem tók til starfa 1. september sl. Undir sviðið heyrast flest þau verkefni sem áður voru unnin af skipulags- og byggingarsviði, framkvæmda- og eignasviði og umhverfis- og samgöngusviði. Tilgangurinn með stofnun sviðsins er að tryggja samhæfða stefnumótun í málefnum sviðsins og heildstæða og skilvirka þjónustu við íbúa borgarinnar. Á sviðinu starfa um 400 starfsmenn í fóstum störfum, en nokkur fjöldi bætist við á sumrin.

## Stöður skrifstofustjóra á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Verkefni sviðsins heyrast undir 5 skrifstofum og eru störf skrifstofustjóra lausar til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum eintaklingum sem vilja ná árangri í starfi. Hér er um krefjandi stjórnunarstöður að ræða og skrifstofustjórar munu verða leiðandi í endurskipulagningu sviðsins. Skrifstofustjórar heyrast undir sviðsstjóra.

### SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU SVIÐSSTJÓRA

Skrifstofan þjónar fagskrifstofum sviðsins og yfirstjórn, meðal annars varðandi ýmsa samningagerð og lögfræðileg úrlausnarefni. Hún ber einnig ábyrgð á almennum samskiptum við borgarana vegna mála sem heyrast undir sviðið.

#### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, þ.m.t. undirbúningi, fundarritum og eftirfylgd
- Lögfræðileg meðferð stjórnsýslumála
- Stoðþjónusta við sviðið, þ.e. mannauðsþjónusta, fjármálastjórn, skjalavörslu, gæði og öryggi
- Ábyrgð á þjónustusamningum og samskiptum við aðrar opinberar stofnanir og B-hluta fyrirtæki borgarinnar, nefndir og stjórnir sem heyrast undir málefni sviðsins
- Skrifstofustjóri er jafnframt staðgengill sviðsstjóra

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

### SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU BYGGINGAR OG BORGARHÖNNUNAR

Skrifstofa skipulagningar byggðar og borgarhönnunar ber ábyrgð á skipulagi byggðar og landslags út frá samþykktu stefnumörkun. Undir skrifstofuna heyrast m.a. skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi. Undir skrifstofuna heyrast einnig samgöngumál og frumathuganir vegna mannvirkjagerðar.

#### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Stjórnun faglegrar vinnu skrifstofunnar
- Gerð aðgerðaráætlunar fyrir stefnumörkun borgarinnar í skipulags- og byggingarmálum í samráði við deildarstjóra skrifstofunnar og aðrar fagskrifstofur
- Ábyrgð á borgarhönnunarverkefnum og hönnunarsamkeppnum á sviði skipulags- og byggingarmála
- Samræming og forgangsröðun verkefna innan skrifstofunnar og við aðrar skrifstofur sviðsins
- Umsjón með nýtingu fjármagns til viðkomandi málaflokks og að hagkvæmni sé gætt í rekstrinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í arkitektúr, verkfræði eða tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á opinberri stjórnsýslu, reynsla er kostur
- Reynsla af stjórnun verkefna
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

### SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU REKSTURS OG UMHIRÐU BORGARLANDS

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands sér um allan daglegan rekstur og umhirðu í borginni og útmörkum hennar. Undir skrifstofuna heyrast starfsemi hverfa- og verkþækkistöðva í hverfum borgarinnar.

#### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Stjórnun faglegrar vinnu skrifstofunnar
- Ábyrgð á starfi hverfastöðva sem annast rekstur og umhirðu gatna, bygginga og opinna svæða í eigu og umsjón borgarinnar
- Samskipti við hagsmunaaðila, hönnuði, verktaka og eftirlitsmenn vegna reksturs eigna og borgarlandsins
- Umsjón með ýms konar leyfisveitingum, m.a. graftrarleyfi í götur, torgsölu, og trjáfellingar
- Áætlanagerð um neyðarviðvaranir og ábyrgð á að samhæfa vinnubrögð í neyðaraðstæðum sem upp kunna að koma, í samstarfi við aðra almannavarnaraðila
- Samræming og forgangsröðun verkefna innan skrifstofunnar og við aðrar skrifstofur sviðsins
- Umsjón með nýtingu fjármagns til viðkomandi málaflokks og að hagkvæmni sé gætt í rekstrinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfið, framhaldsmenntun tengd málaflokknum æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál sitt í ræðu og riti

### SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU UMHVERFISGÆÐA

Skrifstofa umhverfisgæða annast framkvæmd þjónustu tengt náttúru, úrgangsmálum og heilbrigðismálum.

#### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Stjórnun faglegrar vinnu skrifstofunnar, undanskilin eru lögbundin verkefni Heilbrigðiseftirlits
- Útfærsla stefnu í úrgangsmálum, í samvinnu við deildarstjóra, þar sem vistvæn endurnýting er höfð að leiðarljósi
- Framkvæmd og stjórnun stefnu er tengist vist- og náttúruvernd og málefnum dýra
- Rekstrarlegur stuðningur við starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur
- Samræming og forgangsröðun verkefna innan skrifstofunnar og við aðrar skrifstofur sviðsins
- Umsjón með nýtingu fjármagns til viðkomandi málaflokks og að hagkvæmni sé gætt í rekstrinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfið, framhaldsmenntun tengd málaflokknum æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu, reynsla er kostur
- Reynsla af stjórnun verkefna
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

### SKRIFSTOFUSTJÓRI SKRIFSTOFU FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mannvirkja sér um undirbúning, framkvæmd, útbod og eftirlit með nýframkvæmdum fasteigna, samgöngumannvirkja og opinna svæða. Skrifstofan sér einnig um viðhald eignanna.

#### Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Stjórnun faglegrar vinnu skrifstofunnar
- Ábyrgð á þjónustusamningum, verkaskiptingu, og verkflæði vegna framkvæmda og viðhalds eigna sem falla undir Eignasjóð
- Ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd, útbodum og eftirliti með nýframkvæmdum á vegum borgarinnar
- Ábyrgð á framkvæmd viðhaldsverkefna, úttekt og uppgjöri
- Ábyrgð, ásamt fjármálastjóra, á gerð fjárhagsáætlana, kostnaðar- og greiðsluáætlana og kostnaðareftirliti vegna verkefna sem heyrast undir skrifstofuna
- Samræming og forgangsröðun verkefna innan skrifstofunnar og við aðrar skrifstofur sviðsins
- Umsjón með nýtingu fjármagns til viðkomandi málaflokks og að hagkvæmni sé gætt í rekstrinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði, framhaldsmenntun tengd málaflokknum æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun verkefna
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Um ráðningarskilmála fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og laun og starfskjör eru ákvörðuð af kjaranefnd Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.





## Do you want to be a part of a team with projects around the world?

We are Tern Systems, a subsidiary of Isavia, and we specialise in developing mission critical Communication/Navigation and Air Traffic Management systems (CNS/ATM). Meeting the expectations and demands of our customers is at the forefront of our company policy and we need exceptional people to achieve this. We are expanding and are now looking for good people to join us in carrying out new and challenging projects.

For more information about us and our products, take a look at our website: [www.tern.is](http://www.tern.is)

### Senior Programmer

We are looking for a senior programmer to join one of our teams responsible for developing our surveillance, flight data processing, and communication systems. Our teams follow mature software development methods based on Agile.

A successful candidate will have good communication skills, be highly motivated and have a passion for delivering great code.

#### Qualifications:

- Strong programming ability with C++
- Strong design and analysis skills
- Experience with Linux OSs
- Experience working in collaborative, team oriented environment
- Strong verbal and written communication skills
- BA/BS or MS degree in Computer Science, Engineering or equivalent field experience is required

Deadline for applications is 10th November 2012. For further information, contact Tómas Davíð Þorsteinsson, General Manager of Tern Systems, on 525-0500 or at [tomas@tern.is](mailto:tomas@tern.is). All applications and CVs shall be sent to [jobs@tern.is](mailto:jobs@tern.is).

### CNS/ATM Specialist

We are looking for a CNS/ATM specialist to support the development and installation of CNS/ATM systems. The position offers dynamic responsibilities, such as communicating with and supporting customers, end-user training, testing, maintenance of handbooks, and marketing-related responsibilities.

A successful candidate will have excellent communication skills, be very organized, be comfortable in a technical environment, be highly motivated and have a passion for CNS/ATM systems.

#### Qualifications:

- Excellent knowledge of CNS/ATM systems
- Strong analytical skills
- Strong verbal and written communication skills
- Experience MS Office tools

#### Desirable Qualifications:

- Licensed Air Traffic Controller, Flight Data Specialist, Radio Operator or equivalent field experience
- Experience with Linux OSs



Tern Systems  
Part of ISAVIA

## SÖLUMADUR

Viðskiptatorg/Leiguhús.is óskar eftir sölumanni til starfa nú þegar, þarf að hafa metnað, geta unnið sjálfstætt, vera áráðinn, skipulagður, stundvís og duglegur. Laun eru tengd árangri. Til staðar góð vinnu-aðstaða í þekktu fyrirtæki sem stefnir á að vera ávallt leiðandi í sinni grein. Vinsamlegast sendið umsókn á [gjy@leiguhus.is](mailto:gjy@leiguhus.is)



### Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings á næturvaktir á Landakoti er laust til umsóknar. Legudeildir á Landakoti eru 5 og þar dvelja skjólstaðingar til skemmrí eða lengri tíma með margvísleg heilsufarsvandamál. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða einstaklingshæfða aðlögun. Starfið veitist frá 1. desember eða eftir samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Hjúkrunarfræðingur á næturvakt hefur umsjón með 2-3 deildum og ber ábyrgð á hjúkrunar meðferð og á skráningu á sínum deildum á sinni vakt.

#### Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegur eiginleiki ásamt hæfni í mannlegum samskiptum

#### Nánari upplýsingar

- Starfsliutfall er samkomulagsatriði.
- Umsóknarfrestur er til og með 10.11.2012
- Upplýsingar veita: Gerður Baldursdóttir - [gerdurba@landspitali.is](mailto:gerdurba@landspitali.is), sími 543-9868 og Þóris Ágústa Ingólfssdóttir - [thoring@landspitali.is](mailto:thoring@landspitali.is), sími 824-5480/ 543-9106

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarélags og fjármálaáherslu. Sött er um starfið rænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákveðin um ráðningu hefur verið tekið. Takið er mið af jafnréttisregnu LSH við ráðningu á spítalanum. Nánari upplýsingar um losendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Starf í tjónaþjónustu TM

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í líkams- og ferðatjónadeild félagsins.

#### Starfssvið:

- // Almenn afgangsla í líkams- og ferðatjónum
- // Samskipti og þjónusta við viðskiptavinum og samstarfsaðila
- // Gagnaöflun, útreikningar og greiðsla kostnaðar

#### Hæfniskröfur:

- // Háskólamenntun eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- // Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- // Rík þjónustulund
- // Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi
- // Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **4. nóvember nk**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið [starf@tm.is](mailto:starf@tm.is). Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Björk Viðarsdóttir, forstöðumaður líkams- og ferðatjóna ([bjorkv@tm.is](mailto:bjorkv@tm.is)) veitir frekari upplýsingar um starfið.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuástöðu. Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavinum vegna óhappa og hafa hjálpað fólki gegnum erfiðleika í tæp 60 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.



## Góðan daginn!



Auglýsingastofan PIPAR\TBWA leitar að öflugum starfsmanni hálfan daginn í móttöku o.fl.

#### Starfslýsing

Móttaka viðskiptavina, aðstoð við samfélagsdeild og skrifstofustjórnun, ásamt aðstoð við hin ýmsu tilfallandi verkefni.

#### Hæfniskröfur

- \ Góð íslensku- og enskukunnátta
- \ Góð skipulagshæfni
- \ Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarform á Facebook-síðu stofunnar, [facebook.com/pipartbwa](https://www.facebook.com/pipartbwa), fyrir **2. nóvember nk**. Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



Hjá PIPAR\TBWA eru 32 starfsmenn. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknum samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa um 11.000 manns á 274 stofum í 100 löndum.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA – Tryggvagötu 17 – 101 Reykjavík  
Sími 510 9000 – [www.pipar-tbwa.is](http://www.pipar-tbwa.is)

### Waldorfskólinn í Lækjarbotnum auglýsir eftir kennara í 100% stöðu við afleysingar hjá skólanum

Skólinn starfar í anda uppeldisfræði Rudolf Steiner. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ef þú hefur áhuga vinsamlega sendu okkur póst á [waldorf@simnet.is](mailto:waldorf@simnet.is)

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Bæjarskrifstofur Garðabæjar

- Skjalastjóri

### Garðaskóli

- Stærðfræðikennari í forföllum

### Íþróttamiðstöðin Ásgarður

- Vaktavinnustörf

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



### Markaðs- og innheimtustjóri

**Starfið** felst í innheimtu á höfundarréttargjöldum hjá viðskiptavinum STEFs um allt land s.s. hjá verslunum, veitingastöðum, heilsuræktarstöðvum sem og vegna tónleika eða dansleikja. Markaðs- og innheimtustjóri annast samskipti við viðskiptavini, skipulag auk þess að hafa yfirumsjón með markaðsstarfi og innheimtu STEFs.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun, sem nýtist í starfi auk marktækrar reynslu af sambærilegum störfum. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi hæfni í sölumennsku og eigi auðvelt með mannleg samskipti. Leitað er að drifandi og faglega þenkjandi aðila, sem er fylginn sér til framkvæmda. Starfinu fylgir heimsóknir til viðskiptavina og regluleg ferðalög um landsbyggðina, en nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bifreið til umráða.

**Umsóknarfrestur** er til og með 5. nóvember nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf til STRÁ ehf. Netfangið: [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, sjá nánar [www.stra.is](http://www.stra.is). Viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferli stendur.



## •• VILTU GANGA Í LIÐ MEÐ ÖSSURI?



Össur leitir að metnaðarfullum og reynslumiklum verkfræðingum eða tæknifræðingum til að starfa í Bionics-framleiðsludeild fyrirtækisins.

Í boði eru spennandi framtíðarstörf hjá einu eftirsóttasta fyrirtæki landsins sem leiðir alþjóðlega nýsköpun á sviði stoðtækja og stuðningsvara. Bionic-vörur Össurar eru örtölvustýrðar og auka hreyfigetu með aðstoð gervigreindar sem aðlagar stoðtæki að einstaklingum og aðstæðum þeirra.

### FRAMLEIÐSLUVERKFRÆÐINGUR

#### Starfssvið

- Vinna við stöðugar umbætur á Bionics-framleiðslulínu fyrirtækisins
- Vinna við stöðugar endurbætur á Bionics-vörum fyrirtækisins
- Þátttaka við þróun og innleiðingu nýrra vara

#### Hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Reynsla af framleiðslu er kostur
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á straumlínustjórnun (e. Lean) er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### VÉLA- EÐA RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR

#### Starfssvið

- Hönnun á framleiðslubúnaði
- Vinna við stöðugar umbætur á Bionics-framleiðslulínu fyrirtækisins
- Vinna við stöðugar endurbætur á Bionics-vörum fyrirtækisins
- Þátttaka við þróun og innleiðingu nýrra vara

#### Hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur á véla- eða rafmagnssviði
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Reynsla og þekking á mekatróník er æskileg
- Reynsla af notkun CAD forrita, sbr. SolidWorks
- Þekking á rafbúnaði
- Reynsla af forritun iðntölva er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Allar nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515-1300. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið [work@ossur.is](mailto:work@ossur.is) fyrir 5. nóvember 2012. Vinsamlegast setjið í efnislínu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1800 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.



*Life Without Limitations®*





www.skra.is  
www.island.is

## Forritari á landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands

Þjóðskrár Íslands óskar eftir að ráða sjálfstæðan og öflugan forritara til starfa á landupplýsingadeild stofnunarinnar á Akureyri.

### Helstu verkefni eru:

- Rekstur landupplýsingakerfis (gagnagrunnur, miðlarar/biðlarar, þjónustur o.s.frv.)
- Vefforritun (gagnadrifin, Oracle, Django, GeoServer)
- Hugbúnaðarþróun (ráðgjöf/verkefnastjórnun með aðkeyptri hugbúnaðarvinnu)
- Gagnavinnsla og þróun reikniritra (PL/SQL) með landupplýsingar
- Sérvinnsla upplýsinga og þjónusta við viðskiptavinum
- Aðkoma að rekstri tölvukerfis starfsstöðvar Þjóðskrár Íslands á Akureyri

### Hæfniskröfur:

- Nám í forritun eða góð reynsla í Python, JavaScript, CSS, XML, PL/SQL
- Kostur að þekkja til GeoServer, Django, ExtJS/GeoExt og Apache vefþjóna
- Almennur áhugi á kortagerð og íslenski landafræði er kostur
- Frumkvæði í starfi og góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember 2012.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrár Íslands á netfanginu sjh@skra.is.**

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknir óskast sendar á netfangið sjh@skra.is.**

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**  
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrár Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrár Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.



## Sérfræðilæknir í lyflækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í lyflækningum á líknardeild og lyflækningum krabbameina. Um er að ræða 100% starf sem skiptist milli eininganna eftir nánara samkomulagi. Starfið veitist frá 1. desember 2012 eða eftir samkomulagi. Einnig kemur til greina að ráða sérfræðilækni í skyldum sérgreinum ef viðkomandi hefur reynslu af lyflækningum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu
- » Vinna í Heimahlynningu LSH
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir LSH
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækna

### Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum eða skyldum greinum
- » Áhugi og þekking á líknarlækningum og krabbameinslækningum
- » Jákvaðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 10.11.2012
- » Upplýsingar veita: Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir netfang valgersi@landspitali.is, sími 543-1000 og Halla Skúladóttir, yfirlæknir netfang hallasku@landspitali.is, sími 543-1000
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni líknardeilda, Landspítala Kópavogi og Höllu Skúladóttur, yfirlækni, krabbameinslækninga, Landspítala Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Verkfræðingar

Norðurál Grundartanga leitar að verkfræðingum í tvær stöður, sérfræðingi vélbúnaðar og sérfræðingi rafbúnaðar.

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingum sem hafa áhuga á margbættum og krefjandi verkefnum. Um framtíðarstörf er að ræða.

### Verksvið og ábyrgð sérfræðings vélbúnaðar/rafbúnaðar

- Skipuleggur og stjórnar sérstakri vinnu á vélbúnaði/rafbúnaði t.d. endurhönnun
- Útfærir og fylgir eftir uppfærslum og breytingum á vélbúnaði/rafbúnaði
- Veitir tæknilegan stuðning og ráðgjöf um vélbúnað/rafbúnað, hvort sem um er að ræða breytingar, viðgerðir eða nýsmíði
- Tengiliður við verkataka vegna ýmissa verkefna
- Þátttaka í stefnumótun og sameiginlegum verkefnum milli deilda

### Hæfniskröfur

- Verkfræðipróf eða sambærileg menntun á viðkomandi sviði
- Metnaður, öguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sterk öryggisvitund

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á töluðu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku

### Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember n.k.

Leggja skal inn umsókn á [www.nordural.is](http://www.nordural.is). Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Einar F. Björnsson, Framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs í síma 430 1000.

### Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**NA** **NORÐURÁL**  
Century ALUMINUM

Hagsýni - Liðsheild - Heilindi



## Sérfræðingur við fuglarannsóknir

Náttúrufræðistofnun Íslands auglýsir eftir sérfræðingum til starfa við stofnunina í Garðabæ við mat á fuglastofnum og kortlagningu á útbreiðslu og búsvæðum þeirra. Ráðningartími er til tveggja ára með möguleika á framlengingu starfs.

### Starfið felur í sér:

- Vinnu við samantekt upplýsinga
- Skipulagningu og vistun gagna
- Fuglatalningar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í líffræði
- Þekking og reynsla af fuglarannsóknnum, úrvinnslu og vistun gagna
- Kunnátta í notkun gagnagrunna og landfræðilegra upplýsingakerfa er æskileg

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Nánari upplýsingar um starfið veita

Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideilda (borgthor@ni.is) og Kristinn H. Skarphéðinsson, verkefnisstjóri (kristinn@ni.is).

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og óskast sendar til Náttúrufræðistofnunar Íslands á netfangið mariafb@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.

### Umsóknarfrestur er til 5. nóvember 2012.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

## Múlaradíó ehf. óskar eftir starfsmanni.

Okkur vantar metnaðarfullan vanan starfsmann sem allra fyrst, við ísetningar á þeim tækjabúnaði í bíla sem við þjónustum.

Múlaradíó ehf. er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á TETRA, fjarskiptabúnaði ýmis konar ásamt flotastýringarkerfum.

### Umsóknir:

Umsóknir sendist í tölvupósti á netfangið: kalli@mularadio.is



German Seafood Fish Handelsgesellschaft mbH í Bremerhaven er alþjóðlegt fiskisöluvirkni og sér um sölu á öllum botnfiskafurðum P&P (Parlevliet & van der Plas) í Hollandi. Fyrirtækið er alþjóðlegt útgerðar- og sjávarútvegsfyrirtæki með rekstur á mörgum sjófrystitögurum.

## Sjávarútvegur - Sölustjóri hjá alþjóðlegu söluvirkni í Bremerhaven

**Við leitum að** sölustjóra fyrir sjófrystar afurðir af eigin togurum sem og sölu á landfrystum afurðum frá eigin vinnslu í Færeyjum, Kósin, og víðar.

Starfið býður upp á alþjóðleg viðskipti í spennandi umhverfi í hóp af reynslumiklu samstarfsfólki.

Sjálfstæð og spennandi verkefni eru framundan fyrir viðkomandi starfskraft.

Ábyrgðarstarf með miklum möguleikum á að sinna eigin verkefnum og byggja upp sinn eigin kaupendahóp - **Key Accounts.**

Starfið krefst þess að viðkomandi geti unnið sjálfstætt og sé tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu við að ná markmiðum sínum.

Góð enskukunnátta er nauðsynleg og annað erlent tungumál æskilegt.

Góð tölvukunnátta er nauðsyn.

Reynsla af sjávarútvegi er nauðsynleg og reynsla af sölu- og markaðsstarfsemi erlendis er æskileg.

**Þeim sem hafa áhuga á starfinu er bent á að hafa samband við Óskar Sigmundsson framkvæmdarstjóra í síma 0049-1704808900 eða senda umsókn á os@seafrozen.de**

**Umsóknir er einnig hægt að senda í pósti:**

German Seafood Fish Handelsgesellschaft mbH  
Grönlandstrasse 1  
27275 Bremerhaven  
Germany  
www.seafrozen.de



## Verkefnastjóri, jarðfræðingur og hönnuður

### Próunarsvið OR

Próunarsvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða verkefnastjóra, hönnuð og jarðfræðing. Sóst er eftir starfsmönnum sem hafa til að bera góða samskiptahæfni, þjónustulund og eru sjálfstæðir og agaðir í vinnubrögðum.

Próunarsvið skiptist í þrjár einingar, Auðlindarannsóknir, Verkefnastofu og Kerfisrannsóknir og hönnun. Sviðið ber ábyrgð á vöktun og rannsóknnum auðlinda, langtímaþróun og rannsóknnum veitukerfa auk þess að annast hönnun og verkefnastjórn framkvæmdaverka við flutnings- og dreifikerfi.

### Verkefnastjóri framkvæmdaverka

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Verkefnastjórn í framkvæmdaverkum Orkuveitunnar á hönnunar- og framkvæmdastigi
- Umsjón með útboðsgagnagerð og verksamningum
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, gerð framvinduskýrsla og skilamats
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Samskipti við ráðgjafa, framkvæmdaaðila, sveitastjórnir og stjórnarsýslu

- Undirbúningur og gerð framkvæmdaáætlana, kostnaðar- og greiðsluáætlana og eftirlit með framkvæmd slíkra áætlana

#### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Haldgóð reynsla af verkefnastjórn

### Jarðfræðingur

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vöktun grunnvatns
- Mat á vinnslugetu borhola grunnvatns
- Mat á vinnslugetu borhola á jarðhitasvæðum
- Úrvinnsla vinnslugagna
- Jarðfræðiráðgjöf við boranir

#### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf í jarðfræði
- Viðtæk reynsla á sviði jarðhita og grunnvatns
- Þekking og reynsla af borverkum æskileg

### Hönnuður hita- og vatnsveitu

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Hönnun veitukerfa í heitu og köldu vatni
- Kerfisrannsóknaverkefni vegna veitukerfa í heitu og köldu vatni
- Samskipti við ytri hönnuði
- Þátttaka í mótun fyrirkomulags hönnunar hjá OR

#### Menntunar- og hæfnikröfur:

